

---

# LÆRUM OG LEIKUM MEÐ HLJÓÐIN

---

Próunarverkefni á Bæjarbóli 2017 - 2018

Styrkur veittur 2017



Heiti verkefnis: Lærum og leikum með hljóðin

Styrkþegar: Leikskólinn Bæjarból

Verkefnisstjóri: Herdís Jónsdóttir fyrir áramót og Anna Bjarnadóttir eftir áramót.

Ábyrgðarmaður: Anna Bjarnadóttir

## Markmið


Markviss málörvun hefur hingað til verið skipulögð sérstaklega með tveimur elstu árgöngum leikskólans enda námsefni markvissrar málörvunar aðlagð að þeim aldurshópi. Með þremur yngstu árgöngunum hafa hins vegar ekki verið sérstakar málörvunarstundir heldur hefur verið unnið með ákveðna áherslupætti inni á deildum. Af þessum ástæðum var vilji meðal deildarstjóra á yngri barna deildum að þróa markvissari málörvun fyrir yngri börnin og vinna sérstaklega með framburð og hljóð. Með því að hafa stundirnar skipulagðari með yngri börnunum væri möguleiki á snemmtækri íhlutun barna sem þurfa á því að halda.

Fyrirlestrar sem skipulagðir voru af talmeinafræðingum bæjarins voru kveikjan að því að nýta efni Bryndísar Guðmundsdóttur talmeinafræðings, Lærum og leikum með hljóðin. Lærum og leikum með hljóðin er fjölbreytt námsefni ætlað börnum, foreldrum og fagfólki til að undirbúa rétta hljóðamyndun og styrkja undirbúningsfærni fyrir lestur. Efnið hefur hingað til verið meira bundið við sérkennslu en þar sem mörg börn glíma við framburðarerfiðleika var vilji til að kaupa námsefnið og nýta það meira í daglegu starfi á deildum. Þar að auki höfðu deildarstjórar mikinn áhuga á því að fá leiðbeiningar um notkun á iPad í tengslum við málörvun. Appið sem fylgir „Lærum og leikum með hljóðin“ er góð byrjun á því að nýta lpada markvisst í starfinu.

## Leiðir

| Undirbúningur  | Framkvæmd  | Eftirfylgni   |
|--|--|---|
| <ul style="list-style-type: none"><li>• Námsefnið lærum og leikum með hljóðin keypt inn fyrir leikskólann</li><li>• App sett í Ipada</li><li>• Málörvunarleikefni fyrir deildar skoðað og keypt viðbót t.d. stafaleikföng, veggspjöld og fl.</li><li>• Námskeið í leikum og lærum með hljóðin fyrir allt starfsfólk - Bryndís Guðmundsdóttir</li></ul> | <ul style="list-style-type: none"><li>• Námskeið og umræður um skipulag vinnunnar á skipulagsdegi haust 2017</li><li>• Deildarstjórar þriggja yngstu aldurshópa skipuleggja vetrarstarfið með námsefnið í huga.</li><li>• Byrjað að vinna markvisst með leikum og lærum með hljóðin í október 2017</li><li>• Hljóða og sögupokar fyrir nokkrar einfaldar sögur og hljóð sem henta yngstu börnunum útbúnir. t.d. Geiturnar þrjár, Gullbrá og birnir þrír.</li></ul> | <ul style="list-style-type: none"><li>• Endurmat starfsmanna á skipulagsdegi í janúar 2018 og aftur í maí 2018</li><li>• Skráningar á nýtingu efnisins</li><li>• Skráningar á viðbótarefni í málörvun hefur bæst við leikefna/leikfangakost leikskólans sem nýtist í verkefninu</li><li>• Útbúið námsefni í markvissri málörvun yngri barna -tilbúið haustið 2018</li></ul> |

Námsefnið var keypt að vori og deildarstjórar kynntu sér það vel yfir sumartímamann og fundu leiðir til að vinna með efnið. Einnig var málörvunarappið sett í Ipada á deildum. Þann 2. október var sameiginlegur fræðslufundur foreldrafélagsins og starfsmanna þar sem Bryndís Guðmundsdóttir höfundur kynnti efnið og bar erindi hennar heitið : **Hvernig sköpum við börnum okkar bestu mögulegu þroskaskilyrði er varða mál og tal ?** Nokkrir foreldrar mættu á fundinn ásamt starfsfólki og var mikil ánægja með hann. Boðið var upp á kaup á efninu á góðum afsláttarkjörum. Unnið var markvisst með efnið á tveimur deildum 2-3 ára barna, Hraunholti og Vinaholti, frá október fram í apríl. Útbúnir voru aðgengilegir sögupokar og í þeim eru saga, brúður eða annað efni sem tengist sögunni með það að markmiði að efla sögustundir og gera þær meira lifandi og sjónrænar. Inn á deildum héngu uppi hljóð vikunnar en sett voru ný hljóð á tveggja vikna fresti í ramma sem héngu uppi í hæð barnanna inn á tveimur deildum.



## Hindranir og frávik

Helstu hindranir í vinnu með verkefnið voru starfsmannabreytingar en þeir tveir deildarstjórar sem höfðu frumkvæði að því að sækja um styrkinn hættu störfum á Bæjarbóli á haustönn. Eftir áramótin tóku tveir aðrir deildarstjórar við keflinu og gekk það ágætlega en nokkuð vantaði upp á skráningar á nýtingu efnisins, hversu mikið það var tekið fram og hversu mikið var unnið með það. Á Vinaholti var unnið með nafnalista og lögð áhersla á að allir fengju tækifæri til að komast í Ipadinn og fara í Lærum og leikum með hljóðin í hverri viku. Þar sem fræðslufundur var á efninu á starfsmannafundi í október voru allir starfsmenn meðvitaðir um efnið og höfðu fengið ágæta fræðslu og kynningu hjá höfundinum Bryndísi Guðmundsdóttur. Ekki náðist að útbúa í kjölfarið sérstakt markvisst málörvunarefni fyrir yngri barnadeildir

en vonir standa til að efnið verði nýtt markvisst á næsta skólaári og það undirbúið á skipulagsdegi starfsmanna í september 2018.

## Mat á verkefninu



Sérstaklega var unnið með Lærum og leikum með hljóðin á tveimur deildum, Hraunholti og Vinaholti. Því miður hættu báðir deildarstjórnir sem sóttu um styrk til að vinna verkefnið á Bæjarbóli á haustönn. Setti það þó nokkuð strik í verkefnið þrátt fyrir að aðrir deildarstjórnar hafi tekið við boltanum eftir áramótin.

Börnin á Hraunholti fóru einu sinni til tvisvar í viku í Lærum og leikum með hljóðin í ípáðinum. Þau voru 3 til 4 í einu og leystu verkefnið þar. Mögulegt er að fara í mismunandi verkefni þar sem byrjað er á auðveldari verkefnum eins og hljóð stafa en síðan farið í að tengja saman orð við myndir. Einnig voru myndir af stöfunum upp á vegg og voru þeir stafir teknir fyrir hverju sinni, farið var yfir þá í samverustundum og fundin orð og nöfn sem pössuðu við stafinn. Börnin tóku þátt í að ræða hvaða staf þau ættu. Börnin á Hraunholti voru 2ja og 3ja ára. Appið var nýtt, bæði með einstaklingum og í samverustundum. Kostir við appið er að þar eru fjölbreytt verkefni sem reyna meðal annars á minni og einnig verkefni sem byggja á að tengja saman hljóð og mynd. Þá kemur upp blaðra sem ýtt er á og heyrir orð sem börnin þurfa að tengja við mynd.

Á Vinaholti voru börnin ögn eldri eða öll þriggja ára og 14 talsins. Þar voru lagðir inn stafir og hljóð með fjölbreyttum hætti. Bæði var notað Lærum og leikum efnið en einnig Lubbi. Lubbi höfðaði að mati deildarstjóra betur til barnanna og því oftast notaður. Vel gekk að leggja inn stafi og hljóð hjá börnunum. Þau tóku vel eftir og voru dugleg í framhaldi að finna orð sem byrja á ákveðnum staf. Gott var að nýta fjölbreytt tækifæri til að finna orð, t.d. gönguferðir. Börnin þekktu í lok skólaársins flest a.m.k helminginn af stafrófinu og mörg geta fundið orð út frá hljóðum. Þau eru einnig búin að æfa sig að skrifa stafina, voru með stafabók td þar sem þau æfðu sig bæði að skrifa og finna orð sem byrja á ákveðnum staf. Þau hafa mjög gaman af þessari bók og vilja æfa sig. Einnig var unnið með segulstafi og nöfn barnanna

plöstuð. Þannig gátu þau æft sig að raða stöfum eins og í nafninu sínu og elta hljóðin, það gekk mjög vel. Tónlistin með stafakarla-bókinni kom sterk inn en þeim finnst hún mjög skemmtileg ásamt Lubba lögnum sem voru oft spiluð á meðan börnin voru að leika sér og þau lærðu fullt á því að hlusta. Jafnframt var mikil áhersla lögð á lestur og börnin tóku þátt í að vera bókaormur vikunnar. Sá sem fékk það hlutverk kom með bók að heiman til að vekja áhuga þeirra á lestri. Samhliða því var alltaf lesin ein saga á viku, og orð valin úr báðum bókum. Auk þess var nokkrum sinnum farið á bókasafnið þar sem börnin fengu bæði sögustund og að skoða bækur frjálst. Þau hafa í kjölfarið öll öðlast mikinn áhuga á bókum, lestri og stöfum.



Að mati deildarstjóra hefði verið gott að hafa meiri tíma til þess að taka færri börn í einu í markvissar stundir með Lærum og leikum, t.d. í ípadinn eða til að æfa sig að skrifa og hlusta á hljóðin. Einnig mætti auka þátttöku fleiri starfsmanna sem vinna með börnunum þannig að sem flestir taki þátt í verkefninu en ekki eingöngu deildarstjórar.

## Ráðstöfun styrks

Heildarupphæð styrks 470.000

|                            |         |
|----------------------------|---------|
| Laun                       | 235.000 |
| Aðkeypt ráðgjöf og fræðsla | 65.000  |
| Gögn                       | 170.000 |

## Afrakstur, ávinningur fyrir skólastarf og kynning

Að mati starfsfólks má segja að afrakstur af verkefninu sé sá að starfsmenn leikskólans eru meðvitaðir um hvernig hægt er að vinna með hljóð og stafi í starfi með yngstu börnunum á auðveldan og skemmtilegan máta. Í gegnum „Lærum og leikum með hljóðin“ er mögulegt að leika með hljóð, tákni og myndir sem styrkja börn varðandi framburð og orðaforða. Að fá þróunarstyrk hvetur til starfsþróunar og gefur starfsfólki tækifæri til að kynna sér nýtt efni, innleiða það í starfið og nýta til

kennslu. Börnin eru mörg hver farin að þekkja fjölmarga stafi og mynda hljóð þeirra sem er góður undirbúningur fyrir formlegra lestrarnám síðar meir.

Jafnframt var ákveðinn ávinningur í því að halda fræðslufund ásamt foreldrum og styrkja samband heimilis og skóla hvað varðar málörvun barna.

Stutt kynningarmyndband um verkefnið var sett á facebook síðu Garðabæjar og í frétt á heimasíðu Bæjarbóls. Sjá hér í tengli:

<http://www.baejarbol.is/Frettir/almennt/Myndband---laerum-og-leikum-med-hljodin/>.

Stefnt er að því að kynna verkefnið á menntadegi í október 2018 og setja þróunarskýrslu á heimasíðu Bæjarbóls.

Garðabæ 10.september 2018  
Anna Bjarnadóttir